

UPPFÆRSLA Á KJARASAMNINGI
milli
Rafiðnaðarsambands Íslands
og
Mílu ehf.

1. gr.

Aðilar eru sammála um að kjarasamningur milli Rafiðnaðarsambands Íslands og Símanum ehf. og dótturfyrirtækja nái til Mílu ehf. eftir að félagið var selt frá Símanum ehf. Kjarasamningur aðila framlengist og gildir frá 1. nóvember 2022 til 31. janúar 2024 með þeim breytingum sem hér greinir.

2. gr.

Almenn launahækkun

Launahækkun samningsins er í formi hlutfallshækkunar og hámarks krónutöluhækkunar.

Þann 1. nóvember 2022 taka mánaðarlaun almennri hækkun um 6,75%, þó að hámarki kr. 66.000.

Kauptaxtar

Í stað áðurgildandi launataxta komi nýir sem verða hluti samningsins. Nýir launataxtar gilda frá 1. nóvember 2022.

Kjaratengdir liðir

Kjaratengdir liðir kjarasamningsins hækka um 5% frá sömu dagsetningum.

Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf verður:
Á árinu 2023 kr. 115.500

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf verður:
Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2023 verður orlofsuppbót kr. 56.000

Hagvaxtarauki

Með framangreindum hækkunum hefur hagvaxtarauka skv. kjarasamningi aðila, sem koma átti til greiðslu 1. maí 2023, verið flýtt og að fullu efndur. Jafnframt er samkomulag um að með þessari hækkun og flýtingu komi ekki til frekara endurmats á hagvaxtarauka skv. kjarasamningi 2019-2022.

3. gr.

Vinnutími samræmdur

Frá og með 1. febrúar 2024 verður vinnutími á viku skv. kjarasamningi 36 virkar vinnustundir. Deilitala dagvinnutímakaups verður frá sama tíma 156. Viðræður um fyrirkomulag vinnutímastyttingar skulu hefjast eigi síðar en 1. nóvember 2023.

Egill
BA

4. gr.

Afgreiðsla kjarasamnings

Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamnings miðvikudaginn 23. janúar 2023.

1.11.2022	
Án sveinsprófs	442.508
Eftir 1 ár	446.933
3 ára fagnám	513.521
4 ára fagnám	526.175
5 ára sveinsbréf	555.250
10 ára sveinsbréf / rafiðnfræðingur / meistari	
Byrjendalaun	573.803

Reykjavík, 13. janúar 2023

F.h. Mílu ehf.

Leiduneyndur M. Leiduneyndsson
ASTA Þorsteinsdóttir

F.h. Rafiðnaðarsambands Íslands

Þjarni Þór Ólafsson
Elmer Freyr Tófræy
Benóný Harðarson
Jóhann Þ. Leifsson
Adams UH